

Aganefnd HSÍ | Úrskurður 16.4. '18

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Sturla Ásgeirsson leikmaður ÍR hlaut útilokun með skýrslu fyrir að skjóta í höfuð markvarðar úr vítakasti í leik ÍR og ÍBV í mfl. ka. 15.4. 2018. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:9. Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins.
2. Elliði Snær Viðarsson leikmaður ÍBV hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs brots í leik ÍR og ÍBV í mfl. ka. 15.4. 2018. Niðurstaða aganefndar er að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann.
3. Halldór Logi Árnason leikmaður ÍR hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs brots í leik ÍR og ÍBV í mfl. ka. 15.4. 2018. Niðurstaða aganefndar er að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann.
4. Þrándur Gíslason Roth leikmaður ÍR hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik ÍR og ÍBV í mfl. ka. 15.4. 2018. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5. Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins.
5. Ana Blagosevic leikmaður HK hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs brots í leik Gróttu og HK í mfl. kv. 15.4. 2018. Niðurstaða aganefndar er að leikmaðurinn er úrskurðaður í tveggja leikja bann, m.a. að teknu tilliti til ítrekunaráhrifa.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Gunnar K. Gunnarsson, Sverrir Pálmason og Arnar Kormákur Friðriksson.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi þriðjudaginn 17. apríl 2018.